

Greinargerð um réttlæti og reynslu kvenna af vistun í Varpholti/Laugalandi

TIL: KATRÍNAR JAKOBSDÓTTUR, FORSÆTISRÁÐHERRA

Kristín I. Pálsdóttir, talskona

RÓTIN – FÉLAG UM VELFERÐ OG LÍFSGÆÐI KVENNA | WWW.ROTIN.IS

31. JANÚAR 2023



Efnisyfirlit

Samantekt og helstu áherslur	2
Barátta kvenna sem vistaðar voru í Laugalandi og Róttín	3
Gæði og öryggi í meðferð	3
Róttín, Varpholt og stúlkur með áhættuhegðun	4
Hegðunarmiðuð meðferð og þægar stúlkur	5
Tólf spor og trúarlíf	6
Kerfislægt ofbeldi og kerfisofbeldi	6
Lög um sanngirnisbætur	8
Réttlæti og aðferðafræði	8

Samantekt og helstu áherslur

- Móta þarf stefnu, gefa út gæðaviðmið, auka gæðaeftirlit og klínískar leiðbeiningar, á grundvelli bestu mögulegu þekkingar, til að auka gæði og öryggi í þjónustu við fólk með vímuefnavanda, bæði fyrir fullorðið fólk og börn/ungmenni
- Ísland ætti auðvelt með að vera í framvarðarsveit nútímalegrar vímuefnastefnu með stuðningi af metnaðarfullri stefnu í jafnréttismálum og í samræmi við innleiðingu Ístanbúl-samningsins
- Nauðsynlegt er að fá heildarúttekt heilbrigðisráðuneytisins á þjónustuferlum, hugmyndafræði, innihaldi og gæðum heilbrigðisþjónustu við einstaklinga með vímuefnasjúkdóma sem Svandís Svavarsdóttir setti af stað vorið 2021
- Meðferð stúlkna og kvenna hefur fram á okkar daga byggst á vanþekkingu á meðferðarþörfum kvenna (e. *epistemologies of ignorance*)
- Meðferð stúlkna hefur verið mjög hegðunarmiðuð og ofuráhersla verið á hlýðni en ekki valdeflingu. Markmiðið á ekki að vera að búa til þægar stúlkur
- Í Varpholti/Laugalandi var meðferð/viðmót trúartengt og einkenndist af kynbundinni og móralskri smánun stúlkanna
- Hægt er að lesa úr úttekt GEV, öfugt við yfirlýsingu höfunda hennar, að stúlkurnar hafi verið beittar kerfislægu ofbeldi (e. *structural violence*), kerfisofbeldi (e. *institutional violence*), kynbundnu ofbeldi, líkamlegu og andlegu ofbeldi og þvingunarofbeldi. Þá eru lýsingar sem þyrfti að kanna betur sem gætu fallið undir kynferðislegt ofbeldi, sbr. læknisferðir
- Dýpri greiningu vantar á úttektinni og tillögur um hvernig hún eigi að nýtast
- Ekki var kallað eftir frekari gögnum sem hefðu styrkt frásagnir kvennanna, sem eru þó mjög samhljóma og trúverðugar
- Ekki var rannsakað hver staða kvennanna er í dag og hvernig reynsla þeirra í barnaverndarkerfinu hefur mótað líf þeirra
- Mikilvægt er að slíkar úttektir séu áfallamiðaðar, nærgætnar og unnar í nánu samstarfi við þolendur
- Konurnar upplifa ekki að réttlætinu hafi verið fullnægt né að á þær hafi verið hlustað. Ríkið hefur vikið sér undan ábyrgð gagnvart þeim
- Sérstaklega verður að huga að því að fólk sem misst hefur trú á opinberum kerfum er tregt til að leggja fram kvartanir og kærur og því er ríkari ábyrgð hjá hinu opinbera að tryggja þeim réttlæti
- Rétt er að líta til rannsókna Hildar Fjólu Antonsdóttur um uppbyggilega réttvísi í vinnu með konum þolendum kerfisins og hversu mikilvægt ferlið er í slíkum málum, ekki síður en niðurstaðan
- Þeir þættir sem skipta þolendum mestu máli eru:
 - að vera mætt af skilningi og virðingu af fagaðilum innan kerfisins;
 - að fá upplýsingar um hvernig kerfið virkar og málinu miðar innan kerfisins;
 - að hafa val um að taka þátt í ferlinu og
 - að hafa eitthvað um málið að segja.
- Hægt er að horfa til verklags og þátttökuáferðafræði sem lýst er í skýrslu starfshóps um undirbúning rannsóknar á aðbúnaði og meðferð fullorðins fólks með þroskahömlun og fólks með geðrænan vanda við gerð úttekta

Barátta kvenna sem vistaðar voru í Laugalandi og Rótin

Rótin hefur fylgst vel með hugrakkri baráttu kvenna sem dvöldu í Varpholti/Laugalandi fyrir réttlæti og reynt að styðja þær eftir föngum. Mánudaginn 14. nóvember stóð félagið að umræðukvöldi þar sem þær Gígja Skúladóttir og Íris Ósk Friðriksdóttir, sem báðar dvöldu á Varpholti/Laugalandi, höfðu framsögu og Kristín I. Pálsdóttir, talskona og framkvæmdastýra Rótarinnar hélt erindi um athugasemdir félagsins við úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um málefni Varpholts/Laugalands.¹ Fundurinn var tekinn upp og er aðgengilegur á Facebook-síðu Rótarinnar.²

Gæði og öryggi í meðferð

Rótin hefur undanfarin tíu ár hvatt stjórnvöld til að móta stefnu, gefa út gæðaviðmið og klínískar leiðbeiningar, auka gæðaeftirlit, á grundvelli bestu mögulegu þekkingar, til að auka gæði og öryggi í þjónustu við fólk með vímuefnavanda, bæði fyrir fullorðið fólk og börn/ungmenni.³

Sjálfstæðar rannsóknir á árangri meðferðar á Íslandi eru mjög takamarkaðar á Íslandi, og almennt skortir á fjölbreyttari rannsóknir, ekki síst á reynslu og viðhorfum notenda. Þekkingarsamfélagið hefur hingað til verið mjög miðað að líffræðilegum þáttum vímuefnavanda og virðast þar að auki ekki hafa haft mikil áhrif á meðferðarstarf sem hefur verið í mjög svipuðu fari undanfarin 45 ár, fyrir utan það starf sem fer fram á Landspítala Háskólasjúkrahúsi þar sem meðferðarstarfi var umbylt árið 2005 og meðferðin hefur frá þeim tíma byggt á sálfræðilegum grunni en ekki á hugmyndafræðilegum áherslum 12 spora kerfisins.⁴

Sú stefna sem hér hefur verið rekin, ef Reykjavíkurborg er undanskilin en þar var skaðaminnkandi nálgun sett í stefnu árið 2019, er bindindisstefna sem ekki byggir á þeirri þekkingu sem til staðar er í dag og alþjóðastofnanir leggja áherslu á. Skaðaminnkandi nálgun er t.d. ekki róttæk nálgun heldur viðurkennt verklag sem ætti að endurspeglast í stefnumótun stjórnvalda í málaflokknum. Ofuráhersla á bindindi í þjónustu við fólk með vímuefnavanda byggist á vanþekkingu og ofurtrú á því að það eitt að hætta að nota vímuefni leysi hin aðskiljanlegust vandamál sem fólk glímir við þegar veruleikinn er mun flóknari og krefst þar af leiðandi fjölbreyttra og raunhæfra úrræða.

Skaðaminnkunarstefnu á þó ekki að innleiða sem dogmatíska nálgun. Skaðaminnkunarúrræði um heim allan hafa verið gagnrýnd fyrir að vera kynjablind og karlmiðuð.⁵ Því ætti að innleiða skaðaminnkun hér á landi í samræmi við að Ísland er velferðarsamfélag sem hefur yfir fjölbreyttum úrræðum að ráða til að styðja fólk til bættra lífsgæða og heilsu.

Fá lönd bjóða upp á meðferð og stefnumótun sem er í samræmi við nýjar og gagnreyndar áherslur þar sem mannréttindi og kynjasjónarmið eru miðlæg. Ísland ætti því auðvelt með að vera í framvarðarsveit nútímalegrar fíknistefnu með stuðningi af metnaðarfullri stefnu í

¹ Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. 2022. Greinargerð um meðferðarheimilið í Varpholti og á Laugalandi 1997-2007. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/MRN/Skyrsla-um-Varpholt-og-Laugaland-14-september-2022.pdf>.

² Krækja á umræðukvöld Rótarinnar 14. nóvember 2022: <https://www.facebook.com/100064580986745/videos/438392948469282>.

³ Sjá yfirlit á síðu Rótarinnar: <https://www.rotin.is/oryggi-kvenna-i-medferd-yfirlit/>.

⁴ Visir.is. 16. mars 2005. Sveigjanleg meðferð á nýjum Teigi. Sjá: <https://www.visir.is/g/2005920614d>.

⁵ Harm Reduction International. 2018. Women and harm reduction. Sjá: <https://www.hri.global/files/2019/03/06/women-harm-reduction-2018.pdf>.

jafnréttismálum og í samræmi við innleiðingu Istanbúl-samningsins. Nefnd Evrópuráðsins um ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (GREVIO), hefur einmitt gefið út skýrslu um stöðuna hér á landi. Þar segir m.a:

*GREVIO strongly encourages the Icelandic authorities to take the necessary measures to ensure that women with addiction issues and women in prostitution are provided with safe accommodation as well as legal and psychological counselling and support, in order to meet their needs as victims of violence, and are provided with other relevant services in a manner that can address their specific needs.*⁶

Í þessu samhengi er rétt að benda á nýútkomna handbók Pompidou-hóps Evrópuráðsins: *Implementing a Gender Approach in Drug Policies: Prevention, Treatment and Criminal Justice. A handbook for practioners and decision makers*, (Ísl. *Sambætting kynjasjónarmiða í fíknistefnu: Forvarnir, meðferð og refsivörslukerfi, handbók fyrir sérfræðinga og stefnumótendur*) sem kom út á síðasta ári með það að markmiði að gera mannréttindi að meginstefi í fíknistefnu sinni og liður í innleiðingu Pompidou-hópsins á kynjasambættingu stefnunnar. Í bókinni er iðulega talað um konur, karla en þar er ekki gerður greinarmunur á aldri og á umfjöllunin því við um stúlkur og drengi líka ásamt öðrum kynjum. Bókin er aðgengileg á vefnum.⁷

Rótin, Varpholt og stúlkur með áhættuhegðun

Rótin sendi frá sér yfirlýsingu⁸ í febrúar í fyrra, eftir að konur sem verið höfðu í Varpholti/Laugalandi stigu fram í fjölmiðlum og kröfðust réttlætis. Í yfirlýsingu Rótarinnar segir m.a:

Rótin krefst þess að gerðar séu upp þær ófaglegu og oft ofbeldisfullu aðferðir sem liðist hafa í meðferð bæði barna og fullorðinna. Litlar úttektir hafa verið gerðar á meðferðarkerfinu þar sem talað er við fólkið sem var í meðferð og t.d. var bara talað við yfirmenn í úttekt Embættis landlæknis á þremur meðferðarstöðum árið 2016 þar sem þær fengu allar felleinkunn.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að enn er beðið eftir heildarúttekt heilbrigðisráðuneytisins á þjónustuferlum, hugmyndafræði, innihaldi og gæðum heilbrigðisþjónustu við einstaklinga með vímuefnasjúkdóma⁹ þar sem jafnframt er verið að skoða möguleika á frekari samhæfingu heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu. Vinna við skýrsluna hefur nú staðið í hátt á annað ár.

Einnig segir í yfirlýsingunni:

⁶ GREVIO's (Baseline) Evaluation Report on legislative and other measures giving effect to the provisions of the Council of Europe Convention on Preventing and Combating Violence against Women and Domestic Violence (Istanbul Convention) ICELAND. Sjá: <https://rm.coe.int/grevio-inf-2022-26-eng-final-report-on-iceland/1680a8efae>.

⁷ Pompidou-hópur Evrópuráðsins. 2022. Implementing a Gender Approach in Drug Policies: Prevention, Treatment and Criminal Justice. A handbook for practioners and decision makers. Höf. Carine Mutatayi, Sarah Morton, Kristín I. Pálsdóttir, Nadia Robles Soto og Cristiana Vale Pires. Sjá: <https://rm.coe.int/2022-ppg-implementing-a-gender-approach-in-drug-policies-a-pg-handbook/1680a66835>.

⁸ Meðferðarheimili BVS - Yfirlýsing: <https://www.rotin.is/medferdarheimili-bvs-yfirlýsing/>.

⁹ Ráðist í heildarúttekt á heilbrigðisþjónustu við einstaklinga með vímuefnasjúkdóma: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/05/11/Radist-i-heildaruttekta-a-heilbrigdisthjonustu-vid-einstaklinga-med-vimuefnasjukdoma/>.

Miklir hagsmunir eru fólgnir í réttlæti til handa þeim sem beittir hafa verið ofbeldi innan stofnana sem reknar eru eða kostaðar af opinberum aðilum. Svo til öll börn sem þróa með sér vímuefnavanda glíma við undirliggjandi vandamál, eins og konurnar sem voru í Varpholti lýsa sjálfar. Vímuefnanotkunin er í raun viðvörðunar-merki um að þau þurfi aðstoð fagfólks og velferðarkerfis. Mikilvægt er að gert sé upp við það óréttlæti og ofríki sem beitt hefur verið innan slíkra stofnana hér á landi og slíkt uppgjör er tímabært.

Þá sendi félagið frá sér yfirlýsingu¹⁰ vegna framtíðar meðferðarheimilisins Laugalands í mars 2021 þar sem tekið er undir það sjónarmið kvennanna, sem voru vistaðar þar og aðstandenda þeirra, að nauðsynlegt sé að bjóða upp á kynjaskipta meðferð fyrir stúlkur. Hér er verið að tala um starfið á Laugalandi eftir 2007 þegar nýir rekstraraðilar voru teknir við starfinu.

Að lokum má nefna að undirrituð stýrði, fyrir hönd Rótarinnar, starfshópi um meðferð stúlkna með áhættuhegðun. Þar er m.a. bent á að:

... tölfræðigögn um hópinn liggja ekki á lausu og brýnt að bæta þar úr. T.d. virðast ekki hafa verið gerðar þjónustukannanir hjá þeim sem hafa verið í meðferð eða aðstandendum þeirra. Til að hægt sé að meta árangur og stuðla að gæðum er mikilvægt að gæðaskráning sé markviss.¹¹

Hegðunarmiðuð meðferð og þægar stúlkur

Meðferð fyrir stúlkur með vímuefnavanda/áhættuhegðun á Laugalandi, sem áður var í Varpholti, hefur fram að þessu verið mjög hegðunarmiðuð. Umbunar- og þrepakerfi sem styður við atferlismótun og árangur í að fylgja ákveðnum reglum, standa við samninga og að vanda sig í samskiptum, var notað í meðferðinni og í markmiðum meðferðar er lögð áhersla á þau atriði þar sem stúlkurnar þurfa að bæta sig. Þetta er mjög hegðunar og einstaklingsmiðuð nálgun öfugt við þá sérþekkingu sem orðið hefur til á síðustu árum á að vandi stúlkna byggir iðulega á vanrækslu, ofbeldi og/eða öðrum þáttum sem hafa áhrif á hegðun. Hann er því oft afleiðing áfalla og er þar að auki mjög mótaður af kynjakerfinu.

Meðferð við vímuefnavanda hefur fram á þessa öld aðallega byggst á rannsóknum á körlum, ef hún byggir á rannsóknum almennt. Þær Elizabeth Ettorre og Nancy Campbell, sem rannsakað hafa sögu meðferðar kvenna og stúlkna með vímuefnavanda, gefa þessum vanda heitið *epistemologies of ignorance*¹² og benda á að meðferð kvenna og stúlkna sé iðulega veitt á grunni vanþekkingar á meðferðarþörfum þeirra. Þetta ber ætíð að hafa í huga í meðferð stúlkna og þó að vinna með hegðun sé hluti slíkrar meðferðar skal varast ofuráherslu á hlýðni, það sem á ensku er kallað *compliance*.¹³ en það virðist hafa verið helsta markmið meðferðar í Varpholti. Flestar stúlkur sem koma til meðferðar vegna vímuefnavanda eða „hegðunar“ eiga sér sögu sem þar sem hægt er að leita skýringa á vanda sem kallar á

¹⁰ Yfirlýsing vegna framtíðar meðferðarheimilisins Laugalands: <https://www.rotin.is/framtid-laugalands/>.

¹¹ Skýrsla starfshóps um meðferðarheimilið að Laugalandi: <https://www.rotin.is/skyrsla-um-medferdarheimilid-laugalandi/>.

¹² Elizabeth Ettorre. 2015. „Embodied Deviance, Gender, and Epistemologies of Ignorance: Re-Visioning Drugs Use in a Neurochemical, Unjust World“. Í *Substance Use & Misuse*, 50:794-805.

¹³ Larry K. Brendtro. 2004. From coercive to strength-based intervention: Responding to the needs of children in pain <https://cyc-net.org/profession/readarounds/ra-brendtro.html>.

valdeflandi nálgun. Markmið meðferðar á Laugalandi og Varpholti á árunum 1997-2007 virðist hins vegar hafa miðað að því að búa til þægar og undirgefna stúlkur og virðist markvisst hafa verið unnið að því að brjóta niður vilja þeirra og sjálfstæði.

Tólf spor og trúarlíf

Það er stórkostlegt undrunarefni að þangað til árið 2021 hafi það verið alsíða að láta fólk sem ekki hefur sérfræðipækkingu og/eða starfsleyfi frá Landlækni stýra meðferðarstofnunum og öðrum úrræðum fyrir bæði börn og unglinga.¹⁴ Hlýtur það að kalla á nánari rannsóknir á gæðum meðferðarinnar sem var á ábyrgð Barnaverndarstofu.

Þannig var forstöðufólk í Varpholti/Laugalandi ekki með neina menntun eða verkfæri í höndum til að sinna þessu ábyrgðarríka starfi. Virðist tilviljunum háð að þau tóku upp svo kallað þrepakerfi í meðferðinni, eftir heimsókn á annað meðferðar/vistheimili. Barnaverndarstofa virðist ekki hafa skaffað þessu fólki mikil verkfæri til að takast á við vanda barna sem voru svo illa sett að ákveðið var að fjarlægja þau af heimilum sínum heldur hafi hver rekstraraðili stýrt meðferðinni eftir eigin nefi.

Í tilfalli Varpholts og Laugalands á tímabilinu 1997-2007 hefur sú þekking sem helst var byggð verið 12 spora kerfið, sem hentar alls ekki fyrir börn og samræmist ekki nútímalegu meðferðarformi, og hins vegar kristin trú. Sporakerfinu var síðan breytt yfir í þrepakerfi sem svo aftur virkaði sem refsikerfi. Fram kemur í greinargerðinni að allir starfsmenn á Laugalandi, nema einn, hafi verið í Hvítasunnusöfnuðinum og á fundi Rótarinnar með konunum kom fram að reynt hafi verið að koma sem flestum í fóstur hjá fjölskyldum í söfnuðinum. Margar þeirra upplifðu trúarþátttöku sem kúgun jafnvel þó að þeim hafi þótt gott að komast úr húsi og fara á samkomur, fólkið þar var líka gott við þær.

Eins og bent er á í greinargerðinni byggist 12 spora starf „á tengingu við æðri mátt og því má gera ráð fyrir að farið hafi verið með bænir, eins og t.d. æðruleysisbænina, í tengslum við það“. Hugmyndafræðileg og trúarleg innræting var því hluti af meðferð stúlkanna á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu ríkisins á 21. öld á Íslandi.

Það fór ekki hjá því að hugur undirritaðrar flakkaði aftur til eftirstríðsáranna og myndar Ölmú Ómarsdóttur Stúlkanna á Kleppjárnsreykjum, um sögu „ástandsstúlkna“ sem voru hneptar í varðhald vegna „ósiðsamlegrar hegðunar“. Þar kraumaði reyndar þjóðernisstefna undir en siðaumvandanir og drusluskömmun sem stúlkurnar máttu líða á Varplandi/Laugalandi eru hluti af sama kerfi kúgunar kvenna.

Vitnisburði kvennanna í úttekt GEV, þar sem þær tjá að þær hafi upplifað trúarlegt ofbeldi, var ekki veitt nægt vægi og ekki er hægt að taka undir þá ályktun, í greinargerðinni, að gögnin gefi ekki tilefni til ályktana um að trúarlegum þvingunum hafi verið beitt.

Kerfislægt ofbeldi og kerfisofbeldi

Hugtökin kerfislægt ofbeldi (e. *structural violence*) og kerfisofbeldi (e. *institutional violence*) eru ekki skilgreind í skýrslu GEV. Skilgreining á kerfislægu ofbeldi er tengd félagslegu réttlæti, og felur í sér mismunun sem einstaklingar í ákveðnum hópum verða fyrir vegna þess

¹⁴ Í þessu samhengi er rétt að benda á að áfengis- og vímuefnaráðgjafar sem eru viðurkenndir af Landlækni eru ekki hæfir í að stýra meðferðarstarfi þar sem samkvæmt reglugerð hafa þeir ekki leyfi til að starfa sjálfstætt heldur í teymi fagfólks. Áfengis- og vímuefnaráðgjafar eru langstærsti hópurinn sem vinnur við meðferð á Íslandi.

hvernig kerfi samfélagsins er uppbyggt.¹⁵ Sólveig Anna Bóasdóttir orðar þetta þannig að kerfisbundið ofbeldi sé „misréttið í samfélaginu, það að konur eiga ekki jafna möguleika og karlar á að komast áfram o.s.frv.“

Þá segir hún:

Það er ekki hægt að skilja að ofbeldi sé svona algengt gagnvart konum nema að hugsa um í hvers konar samfélagi við lífum, hver er menning okkar og menningararfur. Hvernig hugsum við um karla og konur, hlutverk þeirra, eðli og eiginleika. Grunnurinn að ofbeldinu er svo breiður, ræturnar svo djúpar. Það ofbeldi sem við sjáum er aðeins toppurinn á ísjakanum og það sem er raunverulega skilgreint sem ofbeldi er enn minna.¹⁶

Kerfisofbeldi er hins vegar ofbeldið sem felst í viðbrögðum stofnana, eða viðbragðaleyfi, við ofbeldi. Rithöfundurinn og fræðikonan Sarah Ahmed hefur rannsakað hvernig kerfisofbeldi virkar og skilgreinir það sem ofbeldi sem beitt er af stofnun gagnvart þeim sem kvarta yfir ofbeldi innan stofnunarinnar þ.e. hvernig stofnanir svara ofbeldi með ofbeldi. Hún bendir á að nauðsynlegt sé að innan stofnana séu teknar upp aðrar aðferðir við að hlusta á kvartanir og að þær tileinki sér „femínískt eyra“.¹⁷

Þó að margt sé gott í greinargerð um meðferðarheimilið í Varpholti og á Laugalandi 1997-2007, er mörgum spurningum enn ósvarað og konurnar sem dvöldu á Varpholti/Laugalandi eiga enn eftir að upplifa fullt réttlæti og viðurkenningu frá hinu opinbera. Til þess vantar meiri greiningu á efninu og tillögur um hvernig nýta skuli greinargerðina.

Rótin vill þó benda á að mat félagsins er á öndverðum meiði við eftirfarandi málsgrein höfunda greinargerðar GEV:

Þegar þetta er metið í heild út frá þeim gögnum og upplýsingum sem aflað hefur verið vegna greinargerðar þessar eru ekki að mati höfunda neinar áreiðanlegar vísbendingar um að alvarlegu eða kerfisbundnu ofbeldi hafi verið beitt.¹⁸

Það hefði verið mjög til bóta ef höfundar hefðu rökstutt þessa fullyrðingu og skilgreint hvaða merkingu þær leggja í „alvarlegt eða kerfisbundið ofbeldi“ og hvaða skilgreiningar á kerfislægu ofbeldi og/eða kerfisofbeldi þær styðjast við.

Af lestri greinargerðarinnar er ljóst að allt vald var tekið af stúlkunum sem komu til dvalar í Varpholti/Laugalandi. Samkvæmt þeirra lýsingum var það oft gert strax og þær komu á staðinn, með ofbeldi, sem sýndi þeim strax hvar valdið væri. Mjög algengt var að henda þeim niður stiga. Margar fengu alvarlegt áfall við þetta, ekki síst þær stúlkur sem ekki voru „vanar“ ofbeldi áður, en flestar áttu stúlkurnar sögu um að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi eða öðru ofbeldi áður en þær voru sendar í Varpholt.

¹⁵ Auður Ingólfsdóttir. Frá orðum til athafna: <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/greinar/fra-ordum-til-athafna>.

¹⁶ Vera. Menningarbundið ofbeldi: <https://timarit.is/page/5430912#page/n19/mode/2up>.

¹⁷ Sara Ahmed. 29. september 2021. "How the Culture of the University Covers Up Abuse". Sjá: <https://lithub.com/how-the-culture-of-the-university-covers-up-abuse/>.

¹⁸ Greinargerð um meðferðarheimilið í Varpholti og á Laugalandi 1997-2007: <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Skyrsla-um-Varpholt-og-Laugaland-14-september-2022.pdf>.

Stúlkurnar fengu ekki einu sinni að tala í síma við foreldra sína án þess að hlerað væri hvað þær voru að segja, þær voru vigtaðar og fylgst var með blæðingum þeirra. Læknisferðir, sálfræðingurinn sem var vinur forstöðuhjónanna og virti ekki trúnað, og ekki síst hvernig talað var um þær í gögnum frá starfsfólki, bendir allt til þess að hér hafi verið um kerfisbundið ofbeldi að ræða.

Það að kvörtunum um ofbeldið hafi ekki verið sinnt og að starfsmaður sem veitti stúlkunum „eggjastokkanudd“ hafi ekki verið látinn fara heldur settur yfir aðra meðferðarstofnun á vegum Barnaverndarstofu, að maður sem dæmdur var fyrir kynferðisofbeldi á meðferðarheimilinu Árbót hafi verið færður á annað meðferðarheimili á meðan hann beið dóms og að mörgum af þeim kvörtunum sem bárust hafi ekki verið sinnt, er hins vegar kerfisofbeldi.

Lýsingar á algjörri stjórnun minnstu smáatriða í lífi stúlkanna minnir helst á það sem kallað er stjórnun og kúgun, stundum kallað þvingunarstjórnun, (e. *coercive control*).¹⁹ Hugtakið er oft notað í tengslum við heimilisofbeldi, þar sem gerandi nær fullkomnu valdi yfir lífi þolanda síns, en það getur falið í sér að einangra einstakling frá fjölskyldu og vinum, fylgjast með ferðum hans, takmarka aðgang hans að fjármagni, vinnu, skóla eða heilsugæslu.

Þá er kynbundið og kynferðislegt ofbeldi ekki viðurkennt í skýrslunni þrátt fyrir að vitnisburðir stúlkanna bendi til annars eins og þvingaðar og niðurbjótandi ferðir til kvensjúkdómalækna, „eggjastokkanudd“ starfsmanns, skráning á blæðingum, og fleira er varðar kynvitund stúlkanna, sem markvisst var ráðist á í Varpholti/Laugalandi.

Lög um sanngirnisbætur

Á fundi með Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, hinn 31. janúar 2023 kom fram að drögum að frumvarpi um sanngirnisbætur sem lögð voru fram í samráðsgátt stjórnvalda árið 2022²⁰ hafi verið frestað og verði ekki lögð fram fyrr en að undangenginni rækilegri endurskoðun. Gott er að vita af því að framlagning frumvarpsdraganna sé frestað, sem komu fram á versta tíma fyrir konurnar sem höfðu verið vistaðar í Varpholti/Laugalandi stuttu eftir að úttekt GEV var gefin út, og stráði salti í sár þeirra og juku á þá tilfinningu að ríkið væri að víkja sér undan ábyrgð gagnvart þeim.

Réttlæti og aðferðafræði

Að lokum verður rætt um það ferli sem fór af stað eftir að konurnar kröfðust réttlætis. Greinargerðin sem GEV sendi frá sér er gerð fyrir hið opinbera og í svipuðu ferli og aðrar slíkar opinberar skýrslur. Konurnar eru kallaðar í stutt viðtöl en upplifa hlutverk sitt í rannsókninni á jákvæðan hátt. Þegar þær loksins eygja glætu réttlætis telja þær sig ekki hafa fengið næga hlustun, ekki fengið að segja alla söguna sína og ferlið veldur þeim sárum vonbrigðum. Þá höfðu höfundar greinargerðarinnar ekki heimildir til að kalla eftir nauðsynlegum gögnum sem hefðu stutt við frásagnir kvennanna um ofbeldi, eins og læknisgögnum og ekki var talað við foreldra kvennanna þó að sumir þeirra hafi óskað eftir því. Þá var upplýsingaflæði og gagnsæi á vinnslutímanum ekki í samræmi væntingar og þá fengu konurnar ekki að lesa greinargerðina fyrir birtingu hennar. Því var margt í ferlinu sem endurvakti sársauka kvennanna og þær upplifðu sig sem valdalaus viðföng, einu sinni enn.

¹⁹ Sjá t.d. grein Evan Stark. 2009. „Rethinking Coercive Control“ í *Violence Against Women* 15(12) 1509-1525.

²⁰ Drög að frumvarpi um sanngirnisbætur. Sjá: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3353](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3353).

Eftir að hafa fylgst með ferlinu, lesið greinargóð skrif fjölmiðla, þá helst Stundarinnar, og rætt við nokkrar af konunum er mat Rótarinnar að hið opinbera þurfi að breyta vinnubrögðum við slíka vinnu. Ekki er hægt að nota svo ónægætna ferla við úrvinnslu mála sem snerta hóp kvenna sem flestar urðu fyrir ofbeldi áður en þær voru sendar í vistina og bæði lífsreynsla þeirra í æsku og meðferð barnaverndaryfirvalda hefur haft mótandi neikvæð áhrif á líf þeirra.

Hluti af úttekt eins og þeirri sem GEV framkvæmdi ætti að vera mat á stöðu þessara kvenna í dag. Hvað kláruðu margar nám? Hvað eru margar öryrkjar í dag? Hvað hafa margar flúið land? Eru þær allar á lífi? Af vitnisburðum kvennanna sjálfra má ætla að hátt hlutfall þeirra lifi við flóknar heilsufarslegar og félagslegar afleiðingar erfiðleika í æsku og vistunar á vegum barnaverndar.

Mikilvægt er þegar skýrslur sem þessar eru skrifaðar að gera það á áfallamiðaðan²¹ og nærgætinn hátt, þ.e. gagnvart þolendum, ekki þeim sem valdið hafa, en aðeins bar á því í skýrslunni að hægt væri að lesa út úr greinargerðinni að verið væri að bera í bætifláka fyrir rekstraraðilana vegna þess hversu mikið álag var á þeim og þá er farið mjúkum höndum um fv. forstjóra Barnaverndarstofu.

Ekki verður hjá þeirri hugsun komist að ríkið sé að víkja sér undan fullri ábyrgð með því að í fyrsta lagi að viðurkenna ekki hversu víðtæku og alvarlegu ofbeldi þessar konur voru beittar. Í öðru lagi að kafa ekki dýpra í hvers vegna ekki var brugðist við fjölda kvartana vegna Varpholts/Laugalands og að ekki hafi verið gerð áætlun um viðbrögð við úttekt GEV.

Helst þyrfti að skrifa slíkar úttektir í þátttökuferli þar sem konurnar hafa meiri aðkomu að skýrslugerðinni til að tryggja að þeirra sjónarmið nái í gegn og auka þannig réttlæti í ferlinu. Af samtölum okkar og lestri viðtala við konurnar er mat Rótarinnar að þetta hefur ekki tekist við gerð greinargerðarinnar. Margar upplifa að ekki hafi verið á þær hlustað og að þær hafi ekki fengið þann stuðning sem þær þurftu á að halda við að endurupplifa þá sársaukafullu reynslu sem dvöl þeirra á Varplandi/Laugalandi var. Þær upplifa ekki réttlæti né að þau sem valdið hafi þurfi að axla ábyrgð.

Sérstaklega er mikilvægt að taka tillit til þess að ætla má að margar konur í þessum hópi hafi aldrei náð að byggja aftur upp traust á kerfinu eftir þá lífsreynslu sem þær sitja uppi með eftir vistun á vegum Barnaverndarstofu. Þessi hópur er ekki líklegastur til að leggja fram kvartanir eða krefjast réttar síns, það vitum við í Rótinni, og því þarf hið opinbera að axla ábyrgðina á því að leita eftir viðhorfum þeirra og sögum á þann hátt sem hentar þeim og axla ábyrgð á því að þær njóti réttlætis og úrræða við hæfi.

Hildur Fjóra Antonsdóttur, réttarfélagfræðingur, hefur gert merkilegar rannsóknir á því hvernig konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi upplifa réttlæti og hvernig hindranir gegn réttlæti birtast í réttarkerfinu t.d.²² Hún hefur bent á að erlendar og innlendar rannsóknir á upplifun þolenda ofbeldis á réttarferlum hafi sýnt að það er ekki eingöngu niðurstaða málsins sem skiptir máli heldur einnig hvernig er að málinu staðið í ferlinu, þ.e. að fólk upplifi að málsmeðferðin sé réttlát. Þá hefur verið sýnt fram á að eftirfarandi þættir skipta þolendum sérlega miklu máli í þessu samhengi:

²¹ Sjá t.d. Trauma-informed qualitative research: Some methodological and practical considerations eftir Sophie Isobel og skrif Söruh Ahmed um slíkar rannsóknir. Sjá: <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111/inm.12914>.

²² Sjá t.d. Sköpum leiðir að réttlæti fyrir þolendur kynferðisofbeldis: <https://stundin.is/grein/13731/>.

- að vera mætt af skilningi og virðingu af fagaðilum innan kerfisins;
- að fá upplýsingar um hvernig kerfið virkar og hvernig málinu miðar innan kerfisins;
- að hafa val um að taka þátt í ferlinu og
- að hafa eitthvað um málið að segja.

Það er m.a. á grundvelli þess konar rannsókna sem réttur brotþola innan réttarvörslu-kerfisins var styrktur á síðasta ári. Þessir þættir eru einnig mikilvægir fyrir þolendur brota þegar kemur að annars konar réttlætisferlum, t.d. eins og úttektum á meðferðar- og vistheimilum í tilefni af ásökunum um illa meðferð og ofbeldi, og því væri eitt af úrræðunum sem ríkið gæti gripið til að setja sér verklagsreglur til viðmiðunar í slíkri vinnu. Ekki þarf að leita langt yfir skammt fyrirmyndar að slíku verklagi því í skýrslu starfshóps um undirbúning rannsókna á aðbúnaði og meðferð fullorðins fólks með þroskahömlun og fólks með geðrænan vanda²³ er fjallað um slíka þátttökuaðferðafræði á nokkuð ítarlegan hátt, í kafla um verklag, þar sem segir:

Nefndin telur að til viðbótar framangreindum sjónarmiðum þurfi framkvæmd rannsókna að vera á forsendum þess hóps sem rannsókn er ætlað að gagnast. Við skipun rannsóknarnefndar er mikilvægt að fatlað fólk sé meðal nefndarmanna. Jafnframt verði tekið markvisst frumkvæði og þess gætt að fólk með þroskahömlun og fólk með geðrænan vanda fái fullnægjandi aðstoð við að koma málum sínum á framfæri við nefndina og fylgja þeim eftir. Fyrir marga er mikilvægt að öll samskipti séu augliti til auglitis, á auðlesnu máli og/eða á táknmáli. Taka þarf sérstakt tillit til þess að hópurinn er í afar viðkvæmri stöðu og þarf að gæta sérstaklega vel að persónuvernd í allri vinnu. Hið sama á við um samskipti við starfsfólk og nákomna.

Réttlætið felst þó ekki síst í því að horfst sé í augu við að mjög stutt er síðan þessir atburðir áttu sér stað og enn er margt í þjónustu við fólk með vímuefnavanda og alvarlega áfallasögu sem er langt frá því að standast nútímakröfur um mannréttindi og rétt til heilbrigðis. Hafa verður í huga að líklega eru þolendur vistheimila á vegum hins opinbera hátt hlutfall þeirra sem glíma við alvarlegan vímuefna- og geðheilsuvanda ásamt félagslegum erfiðleikum, því er líka nauðsynlegt að gera átak í að bæta þá þjónustu með mannréttindi, og þar með kynjasjónarmið og skaðaminnkun, að leiðarljósi.

Virðingarfyllst, f.h. Rótarinnar,



Kristín I. Pálsdóttir, talskona og framkvæmdastýra

²³ Forsætisráðuneytið. Maí 2022. Undirbúningur rannsókna á aðbúnaði og meðferð fullorðins fólks með þroskahömlun og fólks með geðrænan vanda, bls. 68-69. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjoli-frett/Sk%c3%bdrsla%20um%20undirb%c3%baning%20ranns%c3%b3knar>.